

Leikskólinn Krílakot

Námskrá og starfsáætlun

2018-2019



| | |
|--|--------|
| Inngangur | - 5 - |
| Leikskólinn Krílakot | - 6 - |
| Yfirstjórn skólans | - 7 - |
| Hlutverk og þjónusta fræðsluskrifstofu | - 7 - |
| Starfsfólk leikskóla | - 8 - |
| Markmið Krílakots | - 9 - |
| Grundvöllur leikskólastarfs | - 10 - |
| Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla eru | - 10 - |
| Grunnþættir menntunnar | - 11 - |
| Læsi og samskipti | - 11 - |
| Heilbrigði og vellíðan | - 13 - |
| Sjálfbærni og vísindi | - 14 - |
| Sköpun og menning | - 15 - |
| Lýðræði og jafnrétti | - 16 - |
| Hugmyndafræðilegur grunnur | - 17 - |
| John Dewey | - 17 - |
| Lev S. Vygotsky | - 18 - |
| Howard Gardner | - 18 - |
| Uppbyggingarstefnan | - 19 - |
| Heilsuleikskóli | - 20 - |
| Grænfáni | - 21 - |
| LAP | - 22 - |
| Skóli margbreytileikans | - 23 - |
| Sértækar þarfir barna | - 23 - |
| Tvítýngi | - 23 - |
| Leikur og nám | - 24 - |

| | |
|--|--------|
| Sjálfsprottinn frjáls leikur..... | - 24 - |
| Val..... | - 24 - |
| Hópastarf..... | - 25 - |
| Tónlist, leikir og dans..... | - 25 - |
| Útivera, útikennsla og hreyfing..... | - 26 - |
| Útikennsla og hreyfing á Kátakoti (4 ára) og Hólakoti (5 ára)..... | - 27 - |
| Útikennsla og hreyfing á Skýjaborg (1 árs), Sólkoti (2 ára) og Mánakoti (3 ára)..... | - 27 - |
| Matmálistímar, heilsa og næring..... | - 28 - |
| Hvöld..... | - 29 - |
| Hreinlætisvenjur..... | - 29 - |
| Samverustundir..... | - 30 - |
| Samstarf við aðrar stofnanir..... | - 30 - |
| Dalvíkurskóli..... | - 30 - |
| Bóka- og Byggðasafn Dalvíkurbyggðar..... | - 31 - |
| Tónlistarskólinn á Tröllaskaga..... | - 31 - |
| Mat á skólastarfi..... | - 31 - |
| Mat á þroska og færni..... | - 32 - |
| Próunarstarf og samstarfsverkefni..... | - 33 - |
| Foreldrasamstarf..... | - 33 - |
| Foreldrasamtöl..... | - 33 - |
| Foreldrafélag..... | - 33 - |
| Foreldraráð..... | - 34 - |
| Foreldrahandbók..... | - 34 - |
| Starfsáætlun 2018-2019..... | - 35 - |
| Skóladaatal..... | - 35 - |
| Starfsmenn..... | - 36 - |

| | |
|---|--------|
| Móttaka nýliða | - 37 - |
| Nemendavernd | - 37 - |
| Helstu verkefni 2018-2019..... | - 38 - |
| Hefðir og venjur | - 38 - |
| Leiðir leikskólans til að mæta nemendum með sérþarfir | - 39 - |
| Áherslur í símenntun kennara skólaárið 2018-2019 | - 40 - |
| Helstu áherslur og markmið í þróunarstarfi Krílakots..... | - 40 - |
| Heimildaskrá..... | - 41 - |

Inngangur

Leikskólinn Krílakot vinnur eftir menntastefnu íslenskra stjórnvalda sem birt er í Aðalnámskrá leikskóla 2011. Námskrá skólans er útfærsla leikskólans á aðalnámskrá. Hún er unnin af starfsfólki leikskólans og hefur þróast í gegnum árin og er endurskoðuð reglulega nú seinast veturinn 2017 - 2018.

Námskráin tekur mið af áhuga barnanna ásamt sjónarmiðum foreldra og starfsfólks. Fræðslunefnd leikskólans yfirfór námskrána reglulega í ferlinu ásamt því að ráðgjafi hjá skólaskrifstofu var innan handar við skrif hennar. Námskráin er því eins konar sáttmáli um hvaða leiðir leikskólinn ætlar að fara í starfsaðferðum og samskiptum til að efla menntun barnanna og stuðla að starfsþróun og fagmennsku innan leikskólans.

Mikilvægt er að námskráin sé lifandi plagg og að starfsfólk geti gripið hana með sér í daglegu starfi og undirbúningi. Námskráin er skýr en markmið og leiðir eru hafðar opnar til að gefa starfsfólki tækifæri til að útfæra þær og þróa m.t.t. barnahópsins hverju sinni.

Námskráin er aðgengileg [heimasíðu leikskólans](#).

Virðingarfyllst,

Guðrún H. Jóhannsdóttir

Skólastjóri Krílakots



Krílakot
Karlsrauðatorgi 23
460-4950
krilakot@dalvikurbyggd.is

Leikskólinn Krílakot

5. ágúst 2016 á vináttukveðju var sameinaður leikskóli Krílakots og Kátakots vígður í núverandi húsnæði. Ný kjörinn forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, kom ásamt konu sinni, og heimsótti skólann þann dag en þau voru í opinberri heimsókn í Dalvíkurbyggð. Í kjölfarið var starfsemi Kátakots lögð niður.

9. ágúst mætti starfsfólk sameinas skóla til starfa að loknu sumarleyfi og tók til hendinni við að koma leikföngum og öðrum búnaði fyrir áður en börnin komu í skólann þann 11. ágúst til að hefja leik og störf.

Krílakot rúmar um 100 börn í vistun allan daginn á 5 deildum og starfsfólk telur um það bil 30 manns. Heildarstærð húsnæðis er um 970m²

Saga Krílakots

Upphaf leikskólastarfs á Dalvík má rekja allt aftur til ársins 1961 þegar Kvenfélagið Vaka kom á fót barnaleikvelli og bauð upp á barnagæslu á sumrin. Auk Vöku og bæjarfélagsins kom Lionsklúbbur Dalvíkur að þeim framkvæmdum með fjárframlögum.

1975 er leikskólinn opnaði í gamla skólanum og síðar í Mímisbrunni sem þá var í eigu skátafélagsins.

1980 tók Krílakot til starfa í hluta af núverandi húsnæði, þar sem skrifstofur, sérkennsla, kaffistofa kennara, hluti af fataherbergi og gangur eru núna.

1987 var salur, eldhús, skrifstofa, kaffistofa, ræsting, þvottahús og loft byggt við húsnæðið.

2007 var þriðja deildin byggð vestan við húsið ásamt bættri starfsmannaáðstöðu.

Heildarstærð húsnæðis varð þá 411 m². og leiksvæðis 2.960 m² eftir að við bættist trjálundur og lóð Móafells.

2015 var skóflustunga að nýrri viðbyggingu tekin og rétt rúmu ári seinna fór fram vígsla á nýbyggingu við Krílakot. Miklar endurbætur voru samtímis gerðar á gamla húsnæðinu sem bættu starfsmannaástöðu og eldhús verulega.

Yfirstjórn skólans

Fræðsluráð fer með málefni leikskóla og markar stefnu í uppbyggingu og rekstri þeirra í umboði sveitastjórnar. Fræðsluráð er skipað fimm fulltrúum og fimm til vara, skipuðum af þeim flokkum sem eiga fulltrúa í bæjarstjórn. Sviðsstjóri fræðslusviðs- og menningarsviðs er starfsmaður ráðsins og er hann jafnframt næsti yfirmaður leikskólastjóra.

Hlutverk og þjónusta fræðsluskrifstofu

Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs fer fyrir fræðsluskrifstofu Dalvíkurbyggðar. Hlutverk skrifstofunnar er að koma ákvörðunum fræðsluráðs í framkvæmd, að vera stefnumótandi fyrir skólastofnanir byggðarlagsins og stuðla að því að hver skóli verði framúrskarandi á sínu sviði. Einnig hefur skrifstofan nokkru eftirlitshlutverki að gegna tengdu lögum og mati á gæðum skólastarfsins.

Á skrifstofunni er starfandi, auk sviðsstjóra, kennsluráðgjafi sem er skólum og foreldrum í sveitafélaginu til ráðgjafar og stuðnings. Náð samstarf er á milli fræðslu- og félagssviðs og veita sérfræðingar þess síðarnefnda leikskólakennurum einnig ráðgjöf og eru samstarfsaðilar hvað varðar sértækar þarfir nemenda.

Fræðsluskrifstofa Dalvíkurbyggðar

Ráðhúsi

620 Dalvík

s. 460-4900

dalvik@dalvikurbyggd.is

www.dalvikurbyggd.is

Starfsfólk leikskóla

Leikskólastjóri er yfirmaður leikskóla. Hann ber ábyrgð á rekstri hans og að unnið sé eftir þeim lögum, reglugerðum, stefnum og námskrám sem eiga við um skólastigið.

Aðstoðarleikskólastjóri er aðstoðarmaður leikskólastjóra og ber ásamt honum ábyrgð á rekstri leikskólans. Hann er staðgengill í fjarveru leikskólastjóra og starfar þá samkvæmt starfslýsingu hans. Aðstoðarleikskólastjóri vinnur ásamt leikskólastjóra að daglegri stjórnun leikskólans og skipulagningu uppeldisstarfsins.


Deildarstjóri ber ábyrgð á uppeldi og menntun barnahópsins á sinni deild. Hann ber einnig ábyrgð á foreldrasamstarfi á deildinni.

Starfsmenn vinna í samstarfi við deildarstjóra að uppeldi og menntun barnanna. Leikskólakennarar eru leiðandi í mótun uppeldis- og menntastarfsins.

Almennir starfsmenn vinna að uppeldi og menntun barnanna í samstarfi við leikskólakennara og undir stjórn deildarstjóra.

Verkefnastjóri sérkennslu vinnur í samvinnu við leikskólastjóra og deildastjóra að þeim verkefnum er að sérkennslu snúa.

Matráður og aðstoðarmatráður sjá um samsetningu matseðla, innkaup, matargerð og þvotta.



Allt starfsfólk leikskólans er bundið
þagnarskyldu og þær upplýsingar sem
starfsmaður fær um barn eru trúnaðarmál.

Þagnarskylda helst þótt starfsmaður láti af
störfum.

Markmið Krílakots

Í Krílakoti er lögð áhersla á að veita börnum umhyggju og hlýju, örvun og hvatningu í umhverfi sem þeim líður vel í og þar sem þau finna fyrir öryggi. Einnig er lögð áhersla á öflugt foreldrasamstarf og virðing borin fyrir ólíkum uppruna og fjölbreyttum fjölskyldugerðum.

Hollusta og hreyfing eru í fyrirrúmi og er lögð áhersla á læsi, stærðfræði, uppeldi til ábyrgðar, tónlist, tengingu við náttúruna og nærsamfélagið í gegnum leikinn.

Yfirmarkmið skólans er að leggja grunn að alhliða þroska barnanna svo þau verði andlega og líkamlega sterkir einstaklingar sem geta tekið þátt á skapandi, virkan og ábyrgan hátt í lýðræðisþjóðfélagi. Að börnin séu félagslega sterk og geti tekist á við þau verkefni sem bíða þeirra.

Í öllu starfi í Krílakoti er lögð áhersla á einkunnarorð skólans sem eru

Gleði, sköpun og þor

Til að vinna að ofangreindum markmiðum auk þeirra markmiða sem áður eru tilgreind, eru farnar margvíslegar leiðir og er þeim nánar lýst hér á eftir. Unnið er með börnin í litlum sem stórum hópum, í skipulögðu/formlegu starfi og í frjálsum leik, úti sem inni.

Áhersla er lögð á að starfsfólk temji sér jákvæða og uppbyggilega framkomu og viðhorf bæði til barna og starfs. Einnig að starfsfólk leggi sig fram við að sýna börnum, foreldrum og öðru samstarfsfólki virðingu í öllum samskiptum.

Grundvöllur leikskólastarfs

Leikskólinn starfar skv. [lögum um leikskóla nr. 90/2008](#) og [Aðalnámskrá leikskóla](#) frá 2011. Leikskólinn er fyrsta skólastigið og þjónar hann börnum undir skólaskyldualdri. Hlutverk hans er að ósk foreldra að annast uppeldi, umönnun og menntun barna þeirra á leikskólaaldri.

Sveitarfélög bera ábyrgð á byggingu og rekstri leikskóla en Mennta- og menntamálaráðuneytið gefur út Aðalnámskrá leikskóla þar sem fram kemur stefnumörkun um uppeldis- og menntunarhlutverk leikskólanna sem þeim ber að vinna eftir. Jafnframt er hlutverk ráðuneytisins að stuðla að þróunar- og tilraunastarfi.

Í leikskólum skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir mangildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar (lög um leikskóla 90/2008).

Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla eru

- ✓ að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra,
- ✓ að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku,
- ✓ að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar,
- ✓ að stuðla að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra,
- ✓ að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífellldri þróun,
- ✓ að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta (2. gr. laga um leikskóla 90/2008).

Grunnpættir menntunnar

Aðalnámskrá leikskóla frá 2011 skilgreinir sex grunnpætti menntunar sem eru lagðir til grundvallar starfsemi skólastiganna þriggja, leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Þeir eru

- ✓ læsi
- ✓ sjálfbærni
- ✓ heilbrigði og velferð
- ✓ lýðræði og mannréttindi
- ✓ jafnrétti
- ✓ sköpun

Grunnpættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Grunnpættirnir snúast einnig um framtíðarsýn og getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það. Grunnpættirnir eiga að endurspeglast í stafsháttum skóla, samskiptum og skólabrag. Þeir eiga að vera sýnilegir í skólastarfinu. Grunnpættir menntunar eru settir fram sem sex þættir en þeir tengjast þó innbyrðis í menntun og skólastarfi og eru háðir hver öðrum (Aðalnámskrá leikskóla 2011,14-15).

Námssvið leikskólans

Námssvið leikskóla eru læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning. Í Krílakoti er lögð áhersla á örvandi námsumhverfi þar sem börn fá tækifæri til að samþætta þekkingu sína og leikni, samhliða því að þjálfast í samskiptum sem byggja á virðingu fyrir mannréttindum og jafnrétti.

Læsi og samskipti

Hæfni í félagslegum samskiptum er veigamikill þáttur í daglegu lífi hvers einstaklings. Í öllu námi og starfi, hjá börnum sem fullorðnum, reynir mikið á félagsleg samskipti. Því er afar mikilvægt að efla og örva félagshæfni og borgaravitund barna frá unga aldri; vitund um eigin ábyrgð og lýðræði, gagnrýna hugsun og virðingu. Tjáning og samskipti eru mikilvægustu „verkfæri“ barnsins til boðskipta og gera því kleift að vera í tengslum við það umhverfi sem það býr við. Lögð er áhersla á að veita börnum tækifæri til að tjá sig á margvíslegan máta; með

tónlist, dans, leikrænni tjáningu, myndmáli sem og tungumáli. Sameiginlegt tungumál er veigamikill þáttur í menningu hvernar þjóðar, tengir fólk böndum og eflir samkennd.

Í Krílakoti er lögð er áhersla á að veita börnum tækifæri til að tjá sig á margvíslegan máta; með tónlist, dansi, leikrænni tjáningu, myndmáli sem og tungumáli. Sameiginlegt tungumál er veigamikill þáttur í menningu hvernar þjóðar, tengir fólk böndum og eflir samkennd.

Markmið:

- ✓ börnin öðlist færni í að setja orð yfir hugmyndir sínar og tilfinningar
- ✓ börnin öðlist færni í hlustun
- ✓ börnin öðlist færni í tjáningu á fjölbreyttan máta
- ✓ efla skynjun barnanna með fjölbreyttum aðferðum
- ✓ efla jákvætt viðhorf
- ✓ efla áhuga barnanna á bókum og sögum
- ✓ efla hljóðkerfisvitund
- ✓ efla málproska og hugtakaskilning
- ✓ efla virka hlustun

Leiðir:

- ✓ nota opnar spurningar sem byrja á *Hv...* til að gefa tækifæri á að koma með vangaveltur og svör sem krefjast frjórrar hugsunar
- ✓ setja orð á allar athafnir dagsins
- ✓ gefa góðan tíma til samræðna
- ✓ nýta leiki og spil með orð og hugtök
- ✓ leggja áherslu á söng, vísur, þulur, rithma og dans
- ✓ vinna með samsett orð, sundurgreiningu orða og klappa samstöfur
- ✓ sögugerð þar sem börnin segja reynslusögur sem skráðar eru niður af kennara
- ✓ vinna markvisst með leikskólalæsi
- ✓ vinna með samheiti og andheiti
- ✓ vinna með myndlist, leikræna tjáningu og sköpun
- ✓ vinna með bækur og bókalestur
- ✓ heimsækja bókasafnið
- ✓ skipuleggja örvun málproska út frá þörfum hvers barns

- ✓ nýta söguskjóður til málörvunar og verkefnavinnu
- ✓ börnin fá daglegan lestur
- ✓ efla sjálfsmynd barnanna
- ✓ efla virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum

Heilbrigði og vellíðan

Kennarar Krílakots skulu hafa virðingu, umhyggju og gleði að leiðarljósi í samskiptum við börnin, foreldra og sín á milli. Með jákvæðu viðhorfi hafa kennarar skólans uppbyggjandi áhrif á nám og þroska einstaklingsins og brýnt er að efla forvitni barnanna og trú þeirra á eigin getu. Til að efla sjálfsmynd barnanna, gleði og líkamlega- og andlega vellíðan er mikilvægt að þau fái tækifæri til að hreyfa sig frjálst og óhindrað í bland við skipulagða hreyfingu. Krílakot er á heilsubraut á vegum samtaka um Heilsuleikskóla og er áætlað að skólinn fái vottun um að vera heilsuleikskóli haustið 2018.

Markmið með heilsustefnunni er að stuðla að heilsueflingu í leikskólasamfélaginu með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik. Öll börn ættu að alast upp við það að læra að virða heilsu sína og annarra sem ómetanleg verðmæti og grundvöll fyrir fullnægjandi lífi. Í heilsuleikskóla er heilsuefling höfð að leiðarljósi í einu og öllu. Markmiðið er að venja börn strax í barnæsku við heilbrigða lífshætti með það í huga að þeir verði hluti af lífsstíl þeirra til framtíðar. Áherslupættir heilsuleikskóla geta verið mismunandi eftir leikskólum en góð næring, hreyfing og listsköpun skal ávallt vera aðalsmerki þeirra. Frekari upplýsingar eru að finna á heimasíðu [heilsuleikskóla](#).

Markmið:

- ✓ efla alhliða hreyfiþroska barnanna
- ✓ stuðla að umhyggju gleði og ánægju
- ✓ stuðla að persónulegri umhirðu
- ✓ stuðla að hollustu
- ✓ stuðla að ögrandi og krefjandi útivist
- ✓ stuðla að tilfinningalegu jafnvægi
- ✓ stuðla að jákvæðum samskiptum
- ✓ stuðla að félagslegum tengslum

Leiðir:

- ✓ sýna hverju barni virðingu og umhyggju og kenna því jákvæð samskipti
- ✓ bjóða upp á holla og næringarríka fæðu
- ✓ bjóða upp á hreyfistundir og útiveru
- ✓ nýta leikskólalóðina og nærumhverfi til hreyfingar
- ✓ gefa öllum tækifæri til slökunar og hvíldar í róandi umhverfi
- ✓ læra um líkamann ásamt líkamsheitum
- ✓ gefa börnunum kost á verkefnum sem örva fínhreyfingar jafnt sem grófhreyfingar
- ✓ hvetja börnin til samskipta við börn og fullorðna og mynda félagsleg tengsl við ólíka einstaklinga
- ✓ fara í vettvangsferðir/gönguferðir
- ✓ slökun og hvíld
- ✓ frjáls leikur úti

Sjálfbærni og vísindi

Fjölbreytt umhverfi er í nánd við Krílakot. Starfsfólk nýtir það til að vinna með mismunandi náms- og þroskætti með því að gefa börnunum tækifæri til að rannsaka, gera tilraunir og velta vögum yfir hinum ýmsu fyrirbærum.

Markmið:

- ✓ börnin öðlist reynslu af stærðfæði í gegnum daglegar athafnir og leik
- ✓ börnin þekki tákni og mynstur í umhverfinu
- ✓ börnin kynnist stærðfræðilegum hugtökum
- ✓ endurvinnsla sé hluti af daglegu lífi í skólanum.
- ✓ börnin læri að umgangast náttúruna og nánasta umhverfi af virðingu og ábyrgð.
- ✓ börn kynnist og skynji fjölbreytileika náttúrunnar

Leiðir:

- ✓ fara í gönguferðir og vettvangsferðir til að upplifa og skoða nánasta umhverfi skólans
- ✓ umræður
- ✓ flokka og endurvinna efnivið
- ✓ nota endurnýtanlegan efnivið í leik og við myndsköpun

- ✓ vinna með tölur, rými, fjarlægðir og áttir
- ✓ vinna með snjó, vatn, sand, steina, skeljar og annað sem finnst í náttúrunni

Sköpun og menning

Í Krílakoti er lögð áhersla á myndsköpun, börnin fást við fjölbreytt verkefni bæði frjáls og skipulögð. Börnin fá tækifæri til að leyfa hugmyndafluginu að ráða ríkjum og þau hvött til að nota fjölbreyttan efnivið. Í hópastarfi fara börnin með kennara sínum í listsköpun og fást þar við fyrirfram ákveðin verkefni, oft tengd því þema sem er verið að vinna með í öðrum þáttum leikskólastarfsins. Í frjálsum leik er hægt að velja Listalaut og þá velur barnið sjálft viðfangsefni og efnivið.

Markmið:

- ✓ efla frumkvæði og skapandi hugsun
- ✓ efla málproska og hvetja barn til tjáningar
- ✓ efla sjálfstæð vinnubrögð
- ✓ efla og örva skynjun
- ✓ efla sjálfsmynd og öryggi
- ✓ efla jákvætt viðhorf
- ✓ efla skapandi hugsun
- ✓ efla fín og grófhreyfiproska barns
- ✓ örva fegurðarskyn barna í smáu sem stóru
- ✓ kynnast fjölbreyttum aðferðum listsköpunar
- ✓ öðlast grunnfærni í listsköpun, m.t.t. aldurs og proska

Leiðir:

- ✓ hafa sköpun að leiðarljósi í orði sem verki
- ✓ veita börnum margvísleg tækifæri til sköpunar í hinum ýmsu tjáningarformum; söng, tjáningu, leik- og myndlist
- ✓ búa börnum aðstæður og efnivið sem örvar frjálssa og skapandi hugsun og tjáningu
- ✓ nota opnar spurningar
- ✓ vinna með íslenskan menningararf
- ✓ læra söngva, tungumál, vísur og sögur
- ✓ upplýsa börn um ólíka menningarhópa með frásögnum og lestri bóka

- ✓ nýta það sem samfélagið hefur upp á að bjóða; söfn, sýningar og náttúru.

Lýðræði og jafnrétti

Leikskóli er vettvangur þar sem leggja á áherslu á gildi og starfshætti sem renna stoðum undir lýðræðislegt samfélag. Í leikskóla eiga foreldrar, starfsfólk og börn að vera samstarfsaðilar. Lögð er áhersla á lýðræðislegt leikskólastarf sem byggist á jafnrétti, fjölbreytileika, samábyrgð, samstöðu og viðurkenningu fyrir ólíkum sjónarmiðum. Börnin eiga að finna að þau eru hluti af hópi og samfélagi þar sem réttlæti og virðing einkenna samskipti. Litið er á börn sem virka borgara og þátttakendur þar sem hver og einn fær tækifæri til að leggja sitt af mörkum til að hafa áhrif á umhverfi sitt.

Lögð er áhersla á að virða innsæi, reynslu, færni og skoðanir barna og taka mið af sjónarmiðum þeirra við skipulagningu leikskólastarfs.

Markmið:

- ✓ stuðla að jafnrétti
- ✓ allir fái tækifæri til virkrar þátttöku
- ✓ efla virka hlustun
- ✓ allir finni að þeir eru hluti að hópnum
- ✓ virða skoðanir annarra og sjónarmið
- ✓ efla skilning á því hvað lýðræði felur í sér
- ✓ efla umhyggju, tillitssemi og samhjálp
- ✓ veita börnum stuðning í daglegum samskiptum
- ✓ allir fái tækifæri til að hafa áhrif
- ✓ fjalla um fjölmenningu og fjölbreytileika fólks
- ✓ finna til ábyrgðar á sjálfum sér og gjörðum sínum

Leiðir:

- ✓ gefa öllum tækifæri til virkrar þátttöku
- ✓ hlusta hvert á annað og skiptast á skoðunum
- ✓ vinna saman og aðstoða hver annan
- ✓ hafa val um verkefni og vinnubrögð
- ✓ skipuleggja heimspekilegar umræður
- ✓ bjóða uppá fjölbreytt viðfangsefni og vinna að jöfnum tækifærum kynjanna
- ✓ Samræður og verkefni sem útskýra fjölmenningu og efla skilning á fjölbreytileika

- ✓ fjalla um mikilvægi sjálfsábyrgð
- ✓ efla hlutdeild foreldra með söguskjóðuverkefni

Hugmyndafræðilegur grunnur

Faglegt starf leikskólanna byggir í meginatriðum á kenningum þriggja fræðimanna; John Dewey, Lev S. Vygotsky og Howard Gardner. Hugmyndafræði þeirra samræmist vel þeim starfsaðferðum sem skólinn vill vinna eftir í uppeldis- og kennsluaðferðum.

Á Krílakoti er unnið eftir hugmyndafræði Uppeldi til ábyrgðar (e. restitution) sem þróuð er af Diane Gossen.

Krílakot er Grænfánaskóli þar sem börnin læra að flokka og nýta betur þann efnivið sem er hér í leikskólanum og útbúa ýmis verkefni því tengdu.

Krílakot er á heilsubraut og er verið að vinna að því að verða Heilsuleikskóli þar sem áherslan er á næringu, hreyfingu og listsköpun barna.

Annað verkefni sem unnið er að staðaldri er LAP en þar er unnið með tvítyngi og að öllum tungumálum barnanna sé gert hátt undir höfði.

John Dewey

John Dewey (1859-1952) sem er best þekktur fyrir kenningar sínar um menntun og skólastarf.

Í kenningum hans er unnið út frá því að reynsla sé undanfari menntunar og uppspretta þeirra spurninga sem nám byggir á, þ.e. að barnið læri af eigin reynslu og virkni. Nám barnsins á að vera ein heild en reynsla, tilraunir, hæfileikinn til að meta og samvinna styrkja og efla barnið í þekkingarleit sinni. Skapa þarf barninu örvandi uppeldisumhverfi með sýnilegum og aðgengilegum efniviði. Kennarinn hvetur barnið, spyr opinna



spurninga og leiðir það áfram til eigin niðurstöðu. Dewey sá tilgang með því að hvetja börn til að hafa frumkvæði, velja og taka ákvarðanir. Hann benti á að kennarar ættu að nota meira óunninn efnivið í kennslu, sem gæfi ekki fyrirfram ákveðnar lausnir. Þannig gætu nemendur proskað betur hæfni sína til hugsunar. Dewey trúði því að reynsla væri ekki lokið fyrr en búíð væri að miðla henni til annarra. (Dewey, 1897). Með því að nota tungumálið, vinna með öðrum og fá tækifæri til að íhuga reynslu sína, eru börn virkir þátttakendur í skólanum (Seefeldt og Galper, 2000).

Lev S. Vygotsky

Lev S. Vygotsky var talsmaður þess að börn fengju að takast á við verkefni sem í raun væru fyrir ofan þeirra getu og kallaði það „svæði hins mögulega þroska“ (e. *Zone of Proximal Development*). Þar átti hann við verkefni sem börnin takast á við með aðstoð sér eldri/færari barna eða fullorðinna og með tímanum þroskist færni og geta þeirra til að leysa verkefni án aðstoðar. Vygotsky taldi þessa leið auka öryggi barna og um leið örva sjálfstæði þeirra og sjálfsmynd (Cole og Wertsch, e.d.). Vygotsky lagði mikla áherslu á samskipti og taldi að í gegnum þau þrói börn með sér vitsmunapróska í félagslegu samhengi. Þar benti hann á mikilvægi talmálsins, sem eins konar „verkfæri“ barnsins til að henda reiður á hugsunum sínum, koma haldi á tilfinningar og tengsl við umhverfið (Cole og Wertsch, e.d.).



Howard Gardner

Í fjölgreindarkenningu Howard Gardner er talið að einstaklingar búi yfir a.m.k. 8 „greindum“; málgreind, rök- og stærðfræðigreind, rýmisgreind, líkams- og hreyfigreind, tónlistargreind, samskiptagreind, sjálfþekkingargreind og umhverfisgreind. Gardner segir að við séum fjölgreindarverur með misjafna færni og áhuga á hverju sviði. Hann telur að hver einstaklingur búi yfir hæfni til að þróa allar greindirnar, fái hann örvun, eflingu og leiðsögn við hæfi. Hann telur að þó svo að börn búi yfir öllum greindarsviðunum frá fæðingu þá tileinki þau sér snemma ákveðnar greindir sem komi fram í styrk og áhugasviði einstaklingsins. Fjölgreindakenningin leggur áherslu á að viðurkenna og leggja rækt við allar greindir sem í mannum búa og viðurkennir þar með einstaklinginn eins og hann er og dregur það besta fram í hverjum og einum (Ingvar Sigurgeirsson 2005).



Uppbyggingarstefnan

Í hugmyndafræði Uppeldi til ábyrgðar (e. restitution) sem þróuð er af Diane Gossen er lögð áhersla á jákvæð samskipti, uppbyggilega orðræðu, ábyrgð einstaklingsins á eigin hegðun og möguleika hans á að snúa aftur til hópsins eftir neikvæða hegðun. Hugað er að þörfum hvers einstaklings innan leikskólans, bæði barnanna og starfsfólksins. Hegðun einstaklinganna er greind út frá þörfum þeirra og reynt er að koma til móts við þær eins og kostur er. Fyrir utan grunnþarfir (öryggi sem byggir á fæði, klæði, hvíld, skjóli, heilsu, hreyfingu og kynþörf) blunda neðangreindar þarfir í hverjum einstaklingi, missterkar þó. (Guðlaug Erla Gunnarsdóttir og Magni Hjálmarsson. 2007)



Öryggi

Gleði og ánægja



- Skemmtun
- fögnuður
- hlátur
- að læra nýja hluti

Sjálfstæði og frelsi



- að hafa val
- ákveða sjálf/ur
- að eiga möguleika
- að fá tækifæri

Ást og umhyggja



- að tilheyra
- vinátta
- væntumþykja
- þátttaka

Eigið áhrifavald



- að vera góður í e-u
- að vera mikilvægur
- viðurkenning
- að standa sig vel
- að ráða við

Í orðræðunni er megináhersla á jákvæðni í samskiptum, forðast er að vera með óþarfa neikvæðni, vandað er til hróssins þannig að eitthvað býr raunverulega að baki þegar hrósað er og sett eru skýr mörk um óásættanlega hegðun og viðbrögð við henni. Skilningur er fyrir því að allir geta misstigið sig en þegar slíkt gerist er stefnt að því að viðkomandi geti snúið til baka stoltur, reynt slunni ríkari og bætt fyrir það sem misfórst. Uppbyggingarstefnan er notuð á mismunandi máta eftir aldri og þroska barnanna, eftir því sem við á hverju sinni. Til að ná sem mestum árangri er mikilvægt að starfsfólk tileinki sér hugmyndafræðina og yfirfæri hana síðan yfir á börnin. Megináhersla er lögð á uppbyggileg samskipti starfsfólks sín á milli og við bæði foreldra og börn.

Í Krílakoti vinnum við markvisst að því að skapa umhverfi, í samráði við foreldra, þar sem öllum líður vel og bera virðingu fyrir sjálfum sér og umhverfi sínu. Á hverju ári býr hver og

ein deild til sáttmála þar sem kennarar og börn koma sér saman um hvernig þau vilja haga samskiptum sínum inn á deildinni.

“Það er í lagi að gera mistök”
Við þurfum bara að læra að
leiðrétta þau og læra af þeim.

Heilsuleikskóli

Meginmarkmið heilsustefnunnar er að auka gleði og vellíðan barna með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik. Heilsustefnan á rætur að rekja til leikskólans Urðarhóls í Kópavogi og Unnar Stefánsdóttur. Í Krílakoti er lögð áhersla á hollan og fjölbreyttan heimilismat sem er liður í að stuðla að heilbrigðum lífsstíl barnanna og vellíðan þeirra. Öll börn ættu að alast upp við að virða heilsu sína og annarra sem ómetanleg verðmæti og grundvöll fyrir betra líf. Í heilsuleikskóla er heilsuefning höfð að leiðarljósi í einu og öllu. Markmiðið er að strax í barnæsku temji börn sér heilbrigða lífshætti með það í huga að þeir verði hluti af lífsstíl þeirra til framtíðar. Áherslupættir heilsuleikskóla geta verið mismunandi eftir leikskólum en góð næring, hreyfing og listsköpun skulu ávallt vera aðalsmerki þeirra.

Við upphaf leikskólagöngu fær hvert barn Heilsubók barnsins og fylgir hún því í gegnum leikskólagönguna. Heilsubókin er þroska- og færnisráning barnsins, miðuð við áherslur Heilsustefnunnar. Bókin hefur að geyma útfærð skráningablöð varðandi t.d. heilsufar, hæð og þyngd, lífsleikni, úthald, þekkingu á litum og formum, hreyfifærni, næringu og svefn ásamt færni tengdri listsköpun. Skráningin gerir kennurum kleift að fylgjast með þroskaframvindu barnsins og er einnig tæki til að upplýsa foreldra um stöðu þess í leikskólanum. Markmið þessa rits er að ná fram sameiginlegri sýn á áhersluatriði heilsuleikskóla. Kennarar og foreldrar fara saman yfir áherslupættina og varpa ljósi á hvernig hægt er að gera umhverfið hvetjandi fyrir börnin til aukinnar færni þeirra og þroska. (Heilsustefnan, e.d.).

Krílakot er nú á heilsubraut á vegum samtaka um Heilsuleikskóla og er áætlað að fá vottun sem heilsuleikskóli haustið 2018. Nánar má lesa um heilsustefnuna [hér](#).

Grænfáni

Haustið 2009 fóru bæði leikskólar og grunnskólar í Dalvíkurbyggð á græna grein. Verkefnið er alþjóðlegt verkefni sem styrkir umhverfisstefnu skóla og eykur umhverfismennt. Vinna að umhverfismennt, með það að markmiði að fá að flagga Grænfána á tveggja ára fresti, er nú orðin fastur liður í skólastarfinu. Skólinn fékk Grænfánann afhentan í fyrsta sinn í maí 2012, annað skiptið 2014, þriðja skiptið 2016 og sótt hefur verið um að flagga í fjórða sinn haustið 2018. Ný markmið eru sett annað hvert ár til að efla umhverfisvitund barnanna, foreldra og starfsfólks. Nánar má lesa um Grænfánann og Skóla á grænni grein [hér](#).

Markmið:

- ✓ að vera meðvituð um mikilvægi þess að flokka sorp
- ✓ að endurnýta hluti eins mikið og mögulegt er
- ✓ að fara sparlega með pappír, vatn og rafmagn
- ✓ að rækta matjurtir og fylgjast með hvernig fræ verða að plöntu og síða að fæðu sem við borðum
- ✓ að við þekkjum okkar nánasta umhverfi og berum virðingu fyrir því
- ✓ að við viljum segja öðrum frá öllu því góða sem við gerum og hafa það sýnilegt fyrir foreldrum og börnum
- ✓ að við séum meðvituð um mikilvægi hreyfingar og hollustu

Leiðir:

- ✓ flokkum sorp; pappír, plast, mjólkurfurnur, málma, gler og lífrænan úrgang
- ✓ endurnýtum hluti og notum efnivið úr náttúrunni í starfinu okkar
- ✓ útbúum matjurtagarð og fylgjumst með hvernig fræ verður að plöntu
- ✓ minnum hvert annað á að fara sparlega með pappír, vatn, sápu og rafmagn
- ✓ hugsum vel um okkar nánasta umhverfi, tínum rusl og faraörum reglulega í gönguferðir
- ✓ höfum það sem við vinnum að í umhverfisverndarmálum sýnilegt fyrir börnum og foreldrum bæði í leikskólanum og á heimasíðu
- ✓ vinnum verkefni með börnunum sem efla umhverfisvitund og þekkingu þeirra á nánasta umhverfi og samfélagi, sögu þess og staðhátum
- ✓ leggjum áherslu á bæði andlegt og líkamlegt heilbrigði með því að vera dugleg að hreyfa okkur, borða hollt og vera góð hvert við annað



LAP

Haustið 2014 bauðst Krílakoti að taka þátt í fjölþjóðlegri samanburðarrannsókn um innleiðingu á LAP. Stjórnandi rannsóknarinnar var Roma Chumak_Horbatsch sem er höfundur bókarinnar *Linguistically Appropriate Practice*, skammtafað LAP.

Hugmyndafræði LAP byggir á að

- ✓ styðja betur við tungumál barna og foreldra af erlendum uppruna, að öll tungumál séu sýnileg og gert hátt undir höfði í skólanum og í tengslum við heimilin
- ✓ ýta undir að börn tengi sitt tungumál við íslenskuna og verði þar af leiðandi sterkari í málnotkun á báðum tungumálum
- ✓ ýta undir virkt tvítyngi með þátttöku foreldra svo að fjölskyldan verði sterkari og betur undirbúin til að taka þátt í samfélaginu

Markmið:

- ✓ að efla þekkingu kennara/starfmannna á tvítyngi og fjölmenningslegu skólustarfi
- ✓ að ýta undir virkt tvítyngi og þróa leiðir í vinnu með börnunum og foreldrum þeirra
- ✓ að öllum tungumálum sé gert hátt undir höfði og unnið í samvinnu við heimilin
- ✓ að auka færni barna í íslensku með því að styðja við börn og foreldra í að efla móðurmál sitt
- ✓ að börn og foreldrar verði færir í tungumálinu og betur undirbúin fyrir þátttöku í samfélaginu og til að hafa áhrif

Leiðir:

- ✓ fá foreldra til að taka þátt t.d. með því að þýða, koma í heimsóknir, lesa fyrir börnin á sínu tungumáli og margt fleira
- ✓ starfsfólk læri orð í tungumálum barnanna og hvetji börnin til að kenna hinum börnunum hin ýmsu orð til að byggja brú á milli tungumála
- ✓ styðjast við þau verkefni sem eru fyrir í bókinni LAP
- ✓ útbúa verkefni tengd LAP með börnunum og safna þeim í verkefnamöppu.
- ✓ kynna LAP bókina ásamt þeim verkefnum sem unnin hafa verið á Krílakoti fyrir nýjum starfsmönnum
- ✓ Sjá nánar um LAP á Krílakoti [hér](#) og myndband á ensku um LAP [hér](#).

Skóli margbreytileikans

Skóli án aðgreiningar byggir á viðurkenningu og þátttöku allra nemenda. Allir nemendur skulu njóta virðingar og ná besta mögulega árangri. Skólastarf án aðgreiningar er ferli í sífelldri þróun, allt skólastarfið er heildstætt og samþætt og stuðningur er veittur eftir þörfum hvers og eins.

Sértækar þarfir barna

Sérkennsla er þjónusta sem leikskólinn veitir börnum vegna hverskyns sérþarfa er þau kunna að hafa. Þessar sérþarfir geta verið vegna fötlunar, þroska-, hegðunar- eða tilfinningalegra frávíka auk sérstakra aðstæðna barnsins. Þjónustan miðast við að gera börnunum unnt að njóta sín í hópi annarra barna á eigin forsendum og styrkja þau á sem fjölbreyttastan hátt (Stefna leikskóla Dalvíkurbyggðar í að mæta sértækum þörfum barna, 2010).

Einstaklingsnámskrá er gerð fyrir nemendur sem þarfnast sérstakrar kennslu. Í einstaklingsnámskrá eru sett markmið sem vinna á með á vissu tímabili, staða þeirra er svo metin reglulega og einstaklingsáætlunin uppfærð eftir því. ([Stefna leikskóla Dalvíkurbyggðar í að mæta sértækum þörfum barna](#), 2010).

Tvítyngi

Fylgst er vel með málþroska tvítyngdra barna og þeim séð fyrir málörvun, sé þess þörf. Lögð er áhersla á að foreldrar sinni málörvun barna sinna á þeirra móðurmáli. Það eflir málþroska og hjálpar þeim við að tileinka sér nýtt tungumál. Íslenskuna læra þau fyrst og fremst af raunverulegum aðstæðum og fer nám þeirra fram í öllu almennu starfi leikskólans jafnt í samskiptum við önnur börn og kennara. Ef möguleiki er fyrir hendi eru sögustundir og málörvun á tungumálil barnanna í boði s.s. ef kennari við skólann talar tungumál barnanna eða foreldrar koma í heimsókn, lesa fyrir börnin og/eða syngja.

Fjölmeningarstefnu skóla Dalvíkurbyggðar er framfylgt, lögð er áhersla á túlkþjónustu, málörvun, vandað upplýsingaflæði og að mæta þörfum einstaklingsins.

Í starfi leikskólans, jafnt meðal barna og starfsfólks, er lögð áhersla á að ýta undir vísýni, jafnrétti, mannréttindi og skilning á fjölbreyttri menningu. Við símenntun starfsfólks er unnið reglulega með þessa þætti.



Hægt er að nálgast meiri upplýsingar um Fjölmenningsstefnu Dalvíkurbyggðar [hér](#).

Leikur og nám

Í lögum um leikskóla nr. 90/2008 er áhersla lögð á gildi leiksins í öllu leikskólastarfi. Í Aðalnámskrá leikskóla 2011 kemur skýrt fram að leikurinn er megin námsleið barna. Leikurinn skapar börnum tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar og þróa félagsleg tengsl við önnur börn. Hlutverk leikskólakennara er að styðja við nám barna í gegnum leik á margvíslegan hátt (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011: 37 - 38).

Sjálfspróttinn frjáls leikur

Leikurinn er mikilvægasta náms- og þroskaleið barns. Börn læra mest í gegnum leik og því er leikurinn hornsteinn alls leikskólastarfs og lífstjáníng og gleðigjafi barna. Frjáls og sjálfspróttinn leikur er hið eðlilega tjáningsform barns. Af leik sprettur ný þekking, nýjar tilfinningar, nýjar athafnir og leikni. Auk þess sem það lærir samskiptareglur og að virða rétt annarra. Börnin þurfa tíma til að skipuleggja og setja upp leikinn og þau þurfa samfelldan tíma til að þróa leik sinn og dýpka. Þess vegna er mikilvægt að leikurinn fái góðan samfelldan tíma í dagskipulaginu.

Við leggjum áherslu á að börnin séu ávallt í návist fullorðins í leikjum sínum og ekki eftirlitslaus. Hinn fullorðni er þannig til staðar til að örva leikinn, grípa inn í, leiðbeina, veita öryggi og taka þátt, allt eftir aðstæðum hverju sinni.

Val

Valið er rammi utan um frjálsa leikinn. Með því að hafa val ýtum við undir sjálfstæði barnanna og skilning þeirra á því að þau hafa áhrif á eigið líf. Við hvetjum börnin til að velja sjálf og taka ábyrgð á eigin vali. Valið stuðlar að því að börnin þori og vilji takast á við hið óþekkta og verði gagnrýnir einstaklingar sem geta valið og hafnað í lífinu. Það fer eftir aldri og þroska barnanna hversu oft þau fara í val yfir vikuna og eftir skipulagi hverrar deildar.

Markmið:

- ✓ að efla jafnrétti og lýðræðisleg vinnubrögð
- ✓ að efla sjálfstæði og frumkvæði
- ✓ að veita hverju barni tækifæri til að sinna sínum hugðarefnum eins og kostur er
- ✓ að skapa aðstæður fyrir frjálsan/sjálfsprottinn leik

Leiðir:

- ✓ sett er upp valspjöld þar sem fram kemur hvað er í boði á myndrænan hátt og barnið finnur nafnið sitt og setur á þann stað sem það vill leika sér á.

Hópastarf

Hópastarf og hópleikir eru mikilvægir þættir í leikskólastarfi. Í hópleikjum þroska börn með sér samkennd og ábyrgðartilfinningu, ásamt því að öðlast skilning á gildi samvinnu. Með jafnöldrum sínum fá börn tækifæri til að eiga frumkvæði í leik og starfi og deila með öðrum. Í hópastarfi eykst félagslegur þroski barna og vinátta skapast. Með því að örva samvinnu barna eykst samheldni þeirra og ábyrgðarkennd. Í litlum hópi myndast tækifæri til persónulegra tengsla milli barna sem og milli barna og kennara sem lærir að þekkja styrkleika og veikleika hvers og eins og skipuleggja hópastarfið eftir því.

Markmið:

- ✓ stuðla að samheldni og ábyrgðarkennd barnanna gagnvart hverju öðru.
- ✓ börnin myndi tengsl við jafningja sína og læri að vinna saman í hópi.
- ✓ börnin læri smátt og smátt að vinna út frá ákveðnum fyrirmælum.
- ✓ efla samkennd, tillitssemi og vináttu og koma til móts við þarfir hvers og eins.

Leiðir:

- ✓ flétta saman mismunandi námssviðum og aðferðum
- ✓ styðja börnin í að tileinka sér nýja færni

Tónlist, leikir og dans

Í Krílakoti er sungið daglega í samverustundum, í fataherberginu eða bara þar sem færi gefst til. Einnig eru söng-, dans- og hreyfileikir iðkaðir bæði í skipulögðu starfi sem og í

samverustundum. Einu sinni í viku er söngfundur hjá öllum deildum. Í þeim stundum er sungið og spilað á einföld hljóðfæri, dansað og farið í leiki.

Markmið:

- ✓ börnin læri að njóta tónlistar
- ✓ börnin þroski með sér frumkvæði, skapandi tjáningu og túlkun á tónlist
- ✓ auka virkni og öryggi barnanna í söng, takt- og hrynæfingum
- ✓ þjálfar virka hlustun og einbeitingu
- ✓ styrkja félagsleg tengsl barnanna
- ✓ fara eftir fyrirmælum og stuðla þannig að sjálfstjórn og aga
- ✓ auka orðaförða með markvissri vinnu með söngtexta

Leiðir:

- ✓ kynna fyrir börnunum fjölbreytileika tóngjafans í leik og starfi
- ✓ styðjast við [Tónar eiga töframál](#)
- ✓ vikulegir söngfundir þar sem allar deildir hittast og syngja saman
- ✓ þula mánaðarins sem allir læra
- ✓ lag mánaðarins sem allir læra

Útivera, útikennsla og hreyfing

Í útiveru kynnast börnin náttúrunni og sínu nánasta umhverfi. Þau fá tækifæri til að hreyfa sig óheft, fá útrás og aukið þol. Tilfinning barnanna fyrir veðri og vindum þroskast og hvernig best sé að klæða sig samkvæmt því. Undirbúningur fyrir útiveru fer fram í fataherberginu. Börnin æfa sig í að klæða sig í og úr og við það læra þau ný orð, þjálfar fín-hreyfingar og líkamsvitund með aðstoð starfsfólks.

Rannsóknir hafa sýnt fram á að úti- og náttúrukennsla hefur jákvæð áhrif á sjálfstraust barna. Frelsið sem þau fá til að upplifa heiminn sjálf er mikilvægt. Þess vegna verðum við að sleppa af þeim takinu og sjá þau vaxa, sjá þau með úfið hár, mold á buxum en stórt gleðibros á vör og aukna þekkingu á heiminum (Born gror i natur, e.d.).

Í Krílakoti er stunduð dagleg hreyfing bæði í skipulögðu starfi sem og í frjálsum leik jafnt úti sem inni. Börnin fara út 1-3 sinnum á dag og fer það eftir veðri, aldri og þroska. Þau allra yngstu fara kannski ekki út ef veður er mjög slæmt en æfingin skapar meistarann og eftir því sem aldurinn hækkar verða þau stöðugri, kjarkmeiri, hærrí í loftinu og betur í stakk búin til að takast á við margbreytileika útiverunnar. Í frjálstri útiveru fylgist starfsfólkið vel með leik barnanna, hvetur þau áfram og grípur inn í þegar við á.

Útikennsla og hreyfing á Kátakoti (4 ára) og Hólakoti (5 ára)

Einu sinni í viku fara börnin í íþróttahúsið þar sem íþróttakennari skipuleggur kennslu. Allir hópar fara í útikennslu einu sinni í viku í tengslum við hópastarf allt árið um kring. Ákveðin verkefni eru tekin fyrir sem fara eftir aldri og þroska barnanna og koma inn á námsvið Aðalnámskrár leikskóla. Sundnámskeið er kennt að hausti og að vori. Að hausti fara börnin á Hólakoti í 4-5 vikur eftir veðri. Að vori fer Hólakot 5 skipti hvert barn og Kátakot 2 skipti hvert barn.

Útikennsla og hreyfing á Skýjaborg (1 árs), Sólkoti (2 ára) og Mánakoti (3 ára)

Útivera er skipulögð allt árið um kring og er útisvæðið nýtt á fjölbreyttan og skapandi hátt. Lóðin er þannig gerð að hún reynir á færni barnanna, hún er náttúruleg og í líkingu við ósnorta náttúru. Gönguferðir eru farnar reglulega og eru þær skipulagðar af hverjum hópstjóra.

Markmið að:

- ✓ örva sjálfstæði, líkams- og hreyfiproska með því að hvetja börnin til að klæða sig sjálf, allt eftir aldri og þroska
- ✓ börnin læri hvernig best sé að klæða sig m.t.t. veðurs
- ✓ styrkja félagsleg tengsl barnsins
- ✓ efla hreyfifærni, þol, úthald og jafnvægi
- ✓ efla þekkingu á flóru Íslands
- ✓ börnin kynnist nánasta umhverfi sínu
- ✓ börnin læri að þekkja umferðarreglurnar
- ✓ börnin læra að njóta, nýta og vernda náttúruna allt árið um kring sem leiksvæði og efnivið til skapandi starfs og leikja

Leiðir:

- ✓ fara með litla hópa í gönguferðir um nánasta umhverfi
- ✓ kenna börnunum helstu umferðarreglur
- ✓ kynna fyrir börnunum helstu kennileiti í bænum
- ✓ hvetja börnin til að aðstoða hvert annað

Matmálstímar, heilsa og næring

Aðalnámskrá leikskóla segir að í leikskóla eigi börn að læra um og tileinka sér heilbrigða lífshætti og hollt mataræði en góð næring er undirstaða þess að börnunum líði vel. Þó svo að staðgóðar og næringarríkar máltíðir séu mikilvægar gegnir matmálstíminn og umgjörð hans einnig öðru mikilvægu uppeldishlutverki. Áhersla skal lögð á að börnin læri að hjálpa til við undirbúning og frágang máltíða, læri reglur um hreinlæti og almenna borðsiði, læri að skammta sér sjálf viðeigandi skammta á diskana, öðlist þekkingu á hvað er hollt og hvað óhollt, fræðist um mikilvægi fæðuhringsins og læri að smakka nýjan mat. Þannig styrkist félagsþroski og samvinnuhæfni barnanna (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011).

Áhersla er lögð á hollan, góðan og næringarríkan heimilismat og er stuðst við viðmið Lýðheilsustöðvar í þeim efnum og viðmið Heilsuleikskóla sem leikskólinn er nú aðili að. Börn sem alast upp við góðar matarvenjur verða frekar meðvituð um mikilvægi hollustu til frambúðar. Komið er til móts við sérþarfir barna og kennara eftir fremsta megni (Lýðheilsustöð, 2008).

Markmið að:

- ✓ efla vitund barnanna um hollt matarræði.
- ✓ kenna börnunum um uppruna matarins
- ✓ efla sjálfstæð vinnubrögð

Leiðir:

- ✓ ræða um hollt og óhollt
- ✓ börnin læri að skammta sér og borða sjálf eftir bestu getu
- ✓ börnin þvo sér um munn og hendur fyrir og eftir matmálstíma
- ✓ örva stærðfræðilega hugsun með því að telja og flokka

- ✓ kenna börnunum að leggja á borð og ganga frá eftir sig allt eftir þroska og getu hvers og eins

Hvíld

Öll börn fara í hvíld á hverjum degi, sum sofa meðan önnur hlusta á rólega tónlist eða sögur. Andlegt og líkamlegt atgervi einstaklinga byggir á góðri hvíld. Við gefum börnunum tækifæri til að hvíla líkamann eftir þörfum hvers einstaklings, læra að slaka á og finna ró. Starfsfólkið sýnir börnunum umhyggju og alúð svo þau upplifi öryggi í umhverfi sem þeim líður vel í.

Markmið:

- ✓ hvert barn fái þá hvíld sem það þarfnast
- ✓ skapa hlýtt og notalegt andrúmsloft án allrar spennu

Leiðir:

- ✓ að hvert barn eigi sinn stað þar sem það getur lagst til hvíldar

Hreinlætisvenjur

Í Krílakoti er lögð áhersla á hreinlæti og börnin hvött til sjálfshjálpar. Starfsfólkið tekur mið af hverju barni fyrir sig og rík áhersla er lögð á að nærgætni og hlýja sé höfð í fyrirrúmi. Nálægð við barnið er oftast mikil og gefst því gott tækifæri til umræðna um líkamann og mikilvægi hreinlætis.

Markmið:

- ✓ að börnin temji sér og skilji mikilvægi hreinlætis

Leiðir:

- ✓ börnin þvoi sér um hendur eftir klósettferðir
- ✓ börnin þvoi sér um hendur og andlit eftir matmálstíma
- ✓ örva málþroska, með því að nota klósettferðir til umræðna og söngs
- ✓ hvetja börn til að nota kopp/klósett en um leið er tekið tillit til þarfa hvers og eins.

Samverustundir

Í samverustundum hittast ýmist öll börn á deildinni eða smærri hópar. Í samveru er sungið, lesið, rímað, spjallað, velt vöngum o.s.frv. Í morgunsamveru er farið yfir daginn; hvern vantar, hver er veikur, hvernig er veðrið, hvaða dagur er í dag, mánuður o.s.frv. og svo fara allir í hópastarf.

Markmið að:

- ✓ skapa notalega stund sem einkennist af ró og samkennd
- ✓ örva og efla málþroska lesa/segja sögur sem henta aldri og þroska barnanna.
- ✓ þjálfa einbeitingu og athygli

Leiðir:

- ✓ hafa markvisst lagaval, þulur og vísur
- ✓ nota fjölbreyttar leiðir til leikja og söngs
- ✓ daglegur lestur
- ✓ efla sjálfsmynd og sjálfsöryggi, t.d. með tjáningu og framsögn
- ✓ auka tilfinningu barnanna fyrir tímanum, þ.e. dögum, mánuðum og árum

Samstarf við aðrar stofnanir

Krílakot er í góðu samstarfi við aðra skóla Dalvíkurbyggðar, Árskógarskóla, Dalvíkurskóla og Tónlistarskólann við Tröllaskaga, Bóka- og Byggðarsafn Dalvíkurbyggðar. Unnið er að ýmsum sameiginlegum verkefnum þvert á skólastigin, eins og Leikskólalæsi, Á grænni grein og Uppbyggingarstefnunni.

Dalvíkurskóli

Elstu börnin fara í reglulegar heimsóknir til 1. og 2. bekkjar auk þess sem börn og kennarar vinna ákveðin verkefni saman yfir veturinn.

5. bekkur er vinabekkur leikskólanna og hann tekur meðal annars þátt í Vetrarleikum með Krílakoti. Ýmis önnur tækifæri eru einnig notuð til samstarfs.

7. bekkur kemur einu sinni yfir veturinn og les fyrir börnin en það er hluti af æfingu fyrir Stóru upplestrarkeppnina sem bekkurinn tekur þátt í.

Nemendur úr 10. bekk hafa komið í starfsnám í leikskólann. Einnig hafa grunnskólanemendur verið í reglulegu verknámi á leikskólanum yfir veturinn sem hefur gefist afar vel.

Starfsfólk leikskólans og grunnskólans vinnur saman og nýtir þekkingu og starfskrafta hvers annars og gerir áætlun um samstarf ár hvert.

Bóka- og Byggðasafn Dalvíkurbyggðar

Farið er í reglulegar heimsóknir á bókasafnið þar sem lesið er fyrir börnin, þau skoða bækur eða spila. Markmiðið er að börnin læri að þekkja bókasafnið, þekkja reglur sem þar gilda og að umgangast bækur af virðingu. Þá eru einnig farnar ferðir á Byggðasafnið, oftast en ekki tengdar við þema sem er í gangi hverju sinni.

Tónlistarskólinn á Tröllaskaga

Börnin á elstu tveimur deildunum fara einu sinni í viku frá september - maí til tónlistarkennara. Lögð eru inn ýmiss konar lög og textar og börnin fá kynningu á hinum ýmsu hljóðfærum. Markmiðið er að börnin auki hljóðskynjun hjá sér með söng, takt- og hrynæfingum ásamt virkri hlustun. Þetta er gert í þeim tilgangi að þjálfra hljóðfræðilega meðvitund barnanna og styrkja þar með undirstöðu lestrarnáms og áframhaldandi þátttöku þeirra í tónlistarnámi. Auk þess að auka samstarf leik- og tónlistarskóla og hafa með því jákvæð samfélags- og menningarleg áhrif á byggðarlagið.

Mat á skólastarfi

Mat á árangri og framförum er reglubundinn þáttur í skólastarfi, órjúfanlegur frá námi og kennslu. Megintilgangur er að veita leiðbeinandi upplýsingar um námið og hvernig markmiðum þess verður náð. Með námsmati er fylgst með því hvernig börnunum tekst að ná almennum hæfniviðmiðum Aðalnámskrár, stuðlað að námshvatningu, nemendur örvaðir til framfara og metið hvaða aðstoð þeir þurfa (Mennta- og menningarmálaráðuneyti 2011: 46-47).

Lög um leikskóla kveða á um að hver leikskóli skuli meta með kerfisbundnum hætti gæði skólastarfsins með þátttöku foreldra, starfsmanna og barna. Niðurstöður úr matinu skulu birtar opinberlega (Lög um leikskóla 2008).

Mikilvægt er að nota sem fjölbreyttastar aðferðir við matið svo það nái til skólastarfsins í heild; m.a. er notast við viðhorfskannanir, staðlaða lista, árleg starfsmannasamtöl, foreldrasamtöl og þroskalista.

Kannanir eru gerðar á vegum fræðsluviðs eða Krílakots ár hvert, þar sem kannað er viðhorf og reynsla annars vegar foreldra og hins vegar starfsfólks af leikskólastarfinu. Matsskýrsla er unnin ár hvert.

Á deildarfundum, deildarstjórafundum og starfsmannafundum fer fram mikilvægt mat sem nýtist til umbóta. Ekki er eingöngu hægt að meta starfið út frá mælistikum og gegna því þær umræður sem fram fara á þessum fundum mikilvægum þætti í endurmati og þróun skólastarfsins. Fundargerðir eru haldnar á þessum fundum.

Börnin á Hólakoti og Kátakoti meta líðan sína á leikskólanum með broskallaaðferð.

[Niðurstöður mats](#) eru á heimasíðu leikskólans.

Mat á þroska og færni

Mat á árangri og framförum barna er reglubundinn þáttur. Megintilgangur þroskamats er að veita leiðbeinandi upplýsingar um þroska hvers barns þannig að hægt sé að bregðast við með viðeigandi hætti sé einhverju ábótavant. Mat miðar að því að afla vitneskju um hvernig einstaklingum og hópum gengur að þeim ná viðmiðum sem að er stefnt.

Mat fer m.a. fram með eftirfarandi hætti:

- ✓ Hljóm 2 er lagt fyrir í þeim tilgangi að meta hljóð- og málvitund leikskólabarna. Fyrirlögn fer fram að hausti á síðasta ári leikskólagöngu og aftur í febrúar fyrir hluta barnanna
- ✓ Með Heilsubók barnsins en fylgst með hreyfifærni, lífsleikni og listsköpun barnanna
- ✓ EFI-málþroskamat lagt fyrir
- ✓ Orðaskil-málþroskamat lagt fyrir
- ✓ TRAS sem er skráning á málþroska ungra barna
- ✓ MIO sem er skráning á stærðfræðifærni leikskólabarna

- ✓ Með viðtölum við foreldra

Þróunarstarf og samstarfsverkefni

Þróunarstarf í leikskólum er afar mikilvægt til að skólalastarfið og menningin dafni og þroskist. Markmið þróunarstarfs er að leita leiða sem miða að endurbótum og nýbreytni í leikskólalastarfi. Þróunarverkefni felur í sér afmarkað og tímabundið viðfangsefni með vel skilgreindum markmiðum. Þegar hugað er að þróunarstarfi er nauðsynlegt að setja niður fyrir sér þann starfsgrundvöll sem aðhyllt er. Þátttaka í þróunarstarfi ögrar starfsfólki og hvetur það áfram. Tilgangur með þróunarverkefnum er að efla lýðræðisleg vinnubrögð í skólum og stuðla að fræðslu og umræðu meðal starfsfólks. Hægt er að skoða þau verkefni betur á [heimasíðu leikskólans](#).

Foreldrasamstarf

Foreldrasamtöl

Foreldrasamtöl eru einu sinni til tvisvar á ári. Að hausti geta foreldrar óskað eftir samtali við kennara og er þá lögð áhersla á að veita upplýsingar um almenna líðan barnsins og gengi í leikskólanum. Að vori eru kennarar búnir að athuga þroska, líðan og hegðun barnsins og upplýsa foreldra um stöðu þess. Önnur samtöl eru boðuð eftir þörfum og geta foreldrar ávallt óskað eftir samtali hvort sem er við leikskólakennara, deildarstjóra eða leikskólalastjóra.

Foreldrafélag

Í Krílakoti er starfandi foreldrafélag. Stjórn foreldrafélagsins er skipuð í september ár hvert á aðalfundi félagsins og skipa 5 foreldrar stjórnina. Þegar barn byrjar í leikskóla ganga foreldrar sjálfkrafa inn í foreldrafélagið og greiða í það ákveðið gjald. Foreldrafélagið ásamt starfsfólki skólans kemur að ýmsum viðburðum í skólanum; afmæli leikskólans, sveitaferð, vorhátíð, Degi leikskólans og útskrift elstu barnanna úr leikskólanum. Félagið sér um litlu jólin í samráði við kennara, gefur börnunum gjafir og talar við jólasveinana. Félagið býður börnunum á kaffihús fyrir jólin nema Skýjaborg en börnin þar fá ávaxtakörfu. Þá hafa þau einstaka sinnum boðið börnunum upp á leiksýningar og/eða gefið leikskólanum afmælisgjafir. [Hér](#) eru nánari upplýsingar um foreldrafélagið og stjórn þess.

Foreldraráð

Í Krílakoti er starfandi foreldraráð. Í foreldraráði sitja 4 - 5 foreldrar sem hafa það hlutverk að gefa umsagnir til leikskólans og fræðsluráðs um skólanámskrá og aðrar áætlanir og fylgjast með framkvæmd þeirra. Foreldraráð hefur einnig umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfinu. Kosið er í foreldraráð í september ár hvert. [Hér](#) eru nánari upplýsingar um foreldraráðið og hvernig það er skipað.

Foreldrahandbók

Á heimasíðu leikskólans er [foreldrahandbók Krílakots](#) þar sem birtar eru hagnýtar upplýsingar um skólann og starfsemi hans.

Starfsáætlun 2018-2019

Krílakot opnaði í núverandi mynd 6. ágúst 2016 eftir að Kátakot og Krílakot voru sameinaðir í einn leikskóla með eina starfsstöð. Leikskólastjóri fer með yfirstjórn skólans í umboði sveitarstjórnar Dalvíkurbyggðar.

Krílakot leggur áherslu á að við hann starfi áhugasamt og hæft starfsfólk með fjölbreyttan bakgrunn og fjölbreytta menntun. Lögð er áhersla á að endur- og símenntun haldist í hendur við þróunarstarf skólans. Mikilvægt er að starfsfólk búi við góða vinnuaðstöðu og fjölskylduvæna starfsmannastefnu í samræmi við [Mannauðsstefnu Dalvíkurbyggðar](#).

Skóladagatal

Skóladagatal er hluti af starfsáætlun skólans. Þar koma fram skipulagsdagar starfsfólks og annað uppbrot í skólastarfi. Reynt er að samræma skóladagatal sem mest í skólum Dalvíkurbyggðar. [Hér](#) er hægt að sjá skóladagtal skólaársins 2018-2019.

Starfsmenn

| Nafn | Hlutverk | Netfang |
|--|--------------------------------|--|
| Anna Wilicka | Leiðbeinandi | annaw@dalvikurbyggd.is |
| Arna Arngrímsdóttir | Deildarstjóri | arnaa@dalvikurbyggd.is |
| Ágústa Kristín Bjarnadóttir | Aðstoðar leikskólalastjóri | agusta@dalvikurbyggd.is |
| Ásdís Jóna Björnsdóttir | Leiðbeinandi | |
| Birkir Elí Stefánsson | Leiðbeinandi | birkireli@dalvikurbyggd.is |
| Bjarney Anna Sigfús dóttir | Verkefnastjóri sérkennslu | bjarney@dalvikurbyggd.is |
| Dóra Rut Kristinsdóttir | Leiðbeinandi | dorarut@dalvikurbyggd.is |
| Einar Sigurgeir Einarsson | Leikskólaliði | einars@dalvikurbyggd.is |
| Elva Ósk Jónsdóttir | Leiðbeinandi | skogarholar15@gmail.com |
| Emmi Tuulia Kalinen | Leiðbeinandi | emmi@dalvikurbyggd.is |
| Guðfinna Árnadóttir | Leiðbeinandi | gudfinna@dalvikurbyggd.is |
| Guðfinna Ásdís Arnadóttir | Kennari | asdis@dalvikurbyggd.is |
| Guðrún Halldóra Jóhannsdóttir | Leikskólalastjóri | gudrunhj@dalvikurbyggd.is |
| Guðrún Hrönn Tómasdóttir | Leiðbeinandi | gudrun@dalvikurbyggd.is |
| Halldóra Jóhannsdóttir | Matráður | halldora@dalvikurbyggd.is |
| Herdís Valsdóttir | Leikskólaliði | herdis@dalvikurbyggd.is |
| Inga Rún Ólafsdóttir | Leikskólakennari | ingarun@dalvikurbyggd.is |
| Jane Kjærgaard | Deildarstjóri/leikskólakennari | jane@dalvikurbyggd.is |
| Jenný Dögg Heiðarsdóttir | Aðstoðar matráður | jennyd@dalvikurbyggd.is |
| Katrín Ingibjörg Guðjónsdóttir | Leiðbeinandi | katrin.ingibjorg@dalvikurbyggd.is |
| Katrín Sif Ingvarsdóttir | Deildarstjóri | katrinsif@dalvikurbyggd.is |
| Kristín Arngrímsdóttir | Aðstoðar matráður | kristina@dalvikurbyggd.is |
| Kristín Gunnþórsdóttir | Leikskólakennari | kristing@dalvikurbyggd.is |
| Magnea Rún Magnúsdóttir | Leiðbeinandi | magnea88@hotmail.com |
| Magnús Hilmar Felixson | Deildarstjóri | magnus@dalvikurbyggd.is |
| María Jónsdóttir | Kennari | maja1907@gmail.com |
| Sigríður Dóra Friðjónsdóttir - í veikindaleyfi | Leikskólaliði | sdora@dalvikurbyggd.is |
| Sigríður Ingibj. Stefánsdóttir | Leikskólaliði | sigridurs@dalvikurbyggd.is |
| Sigrún Björk Friðriksdóttir | Leiðbeinandi | sigrunb@dalvikurbyggd.is |
| Sigrún Ingibjörg Guðmundsdóttir | Deildarstjóri/leikskólakennari | sigrun@dalvikurbyggd.is |
| Soffía Helgadóttir | Deildarstjóri | soffia@dalvikurbyggd.is |
| Urszula Oleszko | Leikskólakennari | urszula@dalvikurbyggd.is |
| Þuríður Sigurðardóttir - í veikindaleyfi | Leikskólakennari | thuridur@dalvikurbyggd.is |

Móttaka nýliða

Einn af stjórnendum skólans sér um móttöku og styður við nýja starfsmenn. Fundur með nýliðum á fyrstu dögum í starfi.

- ✓ farið yfir gátlista fyrir nýliða í starfi
- ✓ helstu reglur og hefðir Krílakots kynntar
- ✓ farið yfir helstu áherslur í starfi Krílakots
- ✓ starfsmannahandbók með helstu upplýsingum um skólastarfið kynnt
- ✓ húsnæði skólans skoðað
- ✓ útifatnaður afhentur
- ✓ fara yfir líðan í starfi
- ✓ hvað gengur vel og hvað má betur fara
- ✓ starfsmannaviðtal eftir 3 vikur í starfi og síðan aftur eftir 3 mánuði

Nemendavernd

Nemendaverndarráð starfar við skólann lögum samkvæmt. Í nemendaverndarráði eiga sæti fulltrúi félagsþjónustu, fulltrúi skólaskrifstofu, fulltrúi heilsugæslu, deildarstjórar deilda þeirra barna sem rætt er um hverju sinni og leikskólastjórnendur.

Nemendaverndarráð fjallar um öll þau mál nemenda sem þurfa sérstakrar umfjöllunar við og ekki er hægt að leysa eingöngu innan skólans. Tilvísanir eða beiðnir um aðstoð frá kennurum eða foreldrum eru teknar fyrir á fundunum og málum vísað áfram til sérfræðinga ef þörf þykir. Mál sem tekin eru fyrir í nemendaverndarráði eru ýmist unnin innan veggja skólans, vísað til félags- eða fræðslusviðs Dalvíkurbyggðar, heilsugæslu eða óskað eftir stoð- og/eða sérfræðiþjónustu, allt eftir því hvar talið er að bestu lausn málsins sé að finna. Ætíð er óskað eftir skriflegu samþykki foreldra áður en mál nemenda eru rædd í nemendaverndarráði.

Helstu verkefni 2018-2019

- ✓ lögð verður áhersla á að starfa samkvæmt Uppbyggingarstefnunni, Grænfána, Heilsutefnunni og LAP
- ✓ unnið verður að innleiðingu deildanámskráa í starfi skólans. Þær verða jafnframt nýttar til innra mats á leikskólastarfinu
- ✓ unnið verður eftir umbótaáætlun innra mats
- ✓ unnið verður eftir umbótaáætlun vegna komu vinnustaðasálfræðings
- ✓ samstarf verður áfram við Tónlistarskólann á Tröllaskaga, Dalvíkurskóla og Bókasafnið
- ✓ unnið verður að eflingu útikennslu
- ✓ unnið verður að innleiðingu stærðfræðiskimunar með MIO
- ✓ gerð verður rýmingaráætlun
- ✓ stofna á stýrihópa um námskrá, Uppbyggingarstefnuna, Heilsustefnuna, Grænfána, innra mat, LAP, stærðfræði og læsi.

Hefðir og venjur

- ✓ föndur með foreldrum Mánakots og Kátakots fyrir jólin. Kennarar deildanna undirbúa föndur fyrir stundina og foreldrar koma og eiga góða stund með börnunum sínum
- ✓ ævintýraferð Hólakots fyrir jólin börnin skreyta piparkökur og bjóða foreldrum sínum í ævintýraferð sem kennarar skipuleggja. Í þeim ferðum bjóða börnin upp á kakó og skreyttar piparkökur
- ✓ jólasöngfundur Skýjaborgar og Sólkots. Fenginn er hljómlistamaður til að spila fyrir börnin og sungin eru hin ýmsu jólalög. Foreldrum er boðið að taka þátt í þessari stund og að henni lokinni fá allir ávexti
- ✓ kaffihúsaferð. Börn af Sólkoti, Mánakoti, Kátakoti og Hólakoti fara í litlum hópum á kaffihús hér í bæ í boði Foreldrafélagsins. Boðið er upp á smákökur og kakó. Börnin á Skýjaborg fá ávexti í boði Foreldrafélagsins
- ✓ kaffiboð foreldrafélagsins á degi leikskólans. Foreldra koma með bakkelsi í tilefni dagsins
- ✓ öskudagur. Börn og kennara mæta í búningum, kötturinn sleginn úr tunnunni, boðið er upp á saltstangir og drykk. Að því loknu er slegið upp balli
- ✓ vetrarleikar eru haldnir seinni part vetrar, 5. bekkur Dalvíkurskóla kemur í heimsókn og aðstoðar við leikana. Foreldrum er boðið að taka þátt

- ✓ hjóladagur er haldinn að vori. Börnin koma með hjólin sín. Hjólað er á bílastæði leikskólans og á götunni við kirkjuna. Starfsmenn Dalvíkurbyggðar loka götunni
- ✓ sveitaferð er í boði foreldrafélagsins. Börnum er skipt eftir aldri í tvo hópa og farið er á tvo sveitabæi, systkini hafa val um að fara saman
- ✓ útskriftarferð sem kennarar Hólakots sjá um að skipuleggja. Misjafnt milli ára hvað er gert
- ✓ útskrift Hólakots sem kennarar Hólakots sjá um að skipuleggja. Misjafnt milli ára hvernig hún fer fram
- ✓ 17. júní skruðganga. Gengið er niður Hólaveg með stoppi við Ráðhúsið og Dalbæ. Fánur er veifað og börnin syngja.

Leiðir leikskólans til að mæta nemendum með sérþarfir

- ✓ Haga starfinu á hverri deild þannig að það mæti sem best þörfum allra barna
- ✓ einstaklingsnámskrár
- ✓ tímar hjá verkefnastjóra sérkennslu
- ✓ sérstök stundaskrá innan deilda
- ✓ fara með málefni barnsins fyrir Nemendaverndarráð

Sjá [hér](#) stefnu leikskóla Dalvíkurbyggðar í að mæta sértækum þörfum barna

Áherslur í símenntun kennara skólaárið 2018-2019

- ✓ starfsfólk Krílakots fer í námsferð til Reykjavíkur í október þar sem áhersla verður lögð á að skoða leikskóla sem starfa samkvæmt Uppeldisstefnunni, Heilsustefnunni og Grænfánanum.
- ✓ auka þekkingu á Uppbyggingarstefnunni
- ✓ auka þekkingu á Heilsustefnunni
- ✓ vinna við Grænfánaverkefni, hvernig við getum tengt útikennslu og Grænfánann saman

Helstu áherslur og markmið í þróunarstarfi Krílakots

- ✓ innleiða MIO sem er matstæki fyrir stærðfræðifærni leikskólabarna
- ✓ gera stærðfræði innan leikskólans sýnilegri og markvissari
- ✓ gera alla málörvun markvissari
- ✓ leggja áherslu á fjölbreytta kennsluhætti í útikennslu og hvernig hægt er að tengja hana við málörvun, stærðfræði, umhverfismennt o.s.frv.

Heimildaskrá

- Born gror i natur. (e.d.). *Friluftsrade*. Sótt af <https://friluftsradet.dk/born-gror-natur-0>
- Casey, og Theresa. 2010. *Inclusive Play*. Practical Strategies for Children from Birth to Eight. SAGE Publications.
- Cole, M. og Wertsch, J. V. (1996). *Beyond the individual social antinomy in discussions of Piaget and Vygotsky*. 39. 250-256.
- Dewey, J. (1897). *My Pedagogic Creed*. Sótt af http://playpen.meraka.csir.co.za/~acdc/education/Dr_Anvind_Gupa/Learners_Library_7_March_2007/Resources/books/readings/17.pdf
- Guðlaug Erla Gunnarsdóttir og Magni Hjálmarsson. (2007). *Uppeldi til ábyrgðar. Uppbygging sjálfsaga*. Netla—Veftímarit um uppeldi og menntun. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2007/003/index.htm>
- Heilsustefnan, (e.d.). Heimasíða. Sótt af <http://heilsustefnan.is/um/heilsustefnan>
- Ingvar Sigurgeirsson. (2005) . *Um einstaklingsmiðað nám, opinn skóla og enn fleiri hugtök*. Uppeldi og menntun, 14(2), 9-32.
- Kristín Dýrfjörð. (2009). Þátttökuaðlögun – nýtt aðlögunarform í leikskóla. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga.
- Lýðheilsustöð. (2008, nóvember). Heilbrigðisráðuneytið. Sótt af <https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item11124/Heilsustefnan.pdf>
- Lög um leikskóla nr. 90/2008.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2011). *Aðalnámskrá leikskóla 2011*. Sótt af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/adalnamskra-leikskola/>
- Seefeldt, C og Alice G. (2000). *Active experinces for active children. Putting Dewey's Theory Into Practice*. Ohio, Merrill.

Stefna leikskóla Dalvíkurbyggðar í að mæta sértækum þörfum barna (2010).

Sótt af <https://www.dalvikurbyggd.is/static/files/Adalvefur/Annad/leikskoli-serkennslustefna-med-birtum-fylgiskjolum.pdf>